



299. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, kl. 12:15 mánudaginn 28. desember 2020.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísadóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ
Forföll: Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forseti setti fund og stjórnáði honum.

Dagskrá:

1. Afrekssjóður ÍSÍ

Forseti fjallaði um ýmsa þætti varðandi tillögur stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og Lilja Sigurðardóttir, formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, sagði frá þeim fundum sem haldnir hafa verið og kynnti jafnframt tillögur sjóðsins varðandi niðurfellingar á styrkjum vegna ársins 2020 og tillögur vegna úthlutana fyrir árið 2021. Ljóst er að felldar verða niður töluverðar upphæðir vegna breyttra aðstæðna á árinu 2020 en jafnframt gefst þá tækifæri til að úthluta enn hærri upphæð en áður hefur verið gert. Framlag ríkisins lækkar um 8 m.kr. frá síðustu árum og hefur stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ lýst yfir áhyggjum vegna þessa og telur mikilvægt sé að ríkisvaldið haldi áfram að efla stuðning við afreksíþróttastarfið.

Umræða var um ýmsa þætti, s.s. upphæðir niðurfellinga vegna 2020, færslur viðburða frá 2020 yfir á 2021, hlutföll af heildartekjum sérsambanda, upphæðir vegna skilgreindra styrkja vegna afreksíþróttafólks og upphæðir í þeim þremur afreksflokkum sem sérsambönd eru flokkuð í.

Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og starfsmaður Afrekssjóðs ÍSÍ útskýrði áherslur og fyrirkomulag vegna styrkveitinga og svaraði spurningum fundarmanna hvað varðar einstaka þætti í tillögum sjóðsins.

Tillögur Afrekssjóðs ÍSÍ lágu fyrir fundinum í fundargerðum frá 14. og 22. desember 2020, auk þess sem að minnisblað um skilgreinda styrki vegna einstaklinga var í gögnum fundarmanna.

Samþykkt var að fella niður kr. 2.816.634,- af þeim styrk sem veittur var til ÍSÍ vegna fagteymisaðstoðar á leikum og Afreksíþróttamiðstöðvar á árinu 2020.

Þá voru eftirfarandi niðurfellingar vegna ársins 2020, að upphæð 74.455.488,- króna, samþykktar en með þeim fyrirvara að niðurfellingar verði endurskoðaðar þegar

endanlegur ársreikningur hvers sérsambands liggur fyrir. Þannig geta frekari niðurfellingar komið til eða endurgreiðsla frá Afrekssjóði ÍSÍ. Eru þessar upphæðir reiknaðar í samvinnu við forsvarsaðila þessara sérsambanda og staðfestar af þeim:

Sérsamband	Upphæð í kr.
Badminton samband Íslands – BSÍ	2.866.843
Blaksamband Íslands – BLÍ	3.563.208
Bogfimisamband Íslands – BFSÍ	750.000
Borðtennissamband Íslands – BTÍ	1.125.622
Dansípróttasamband Íslands – DSÍ	4.329.742
Fimleikasamband Íslands – FSÍ	6.095.916
Frjálssípróttasamband Íslands – FRÍ	9.125.000
Golfsamband Íslands – GSÍ	7.219.000
Handknattleikssamband Íslands – HSÍ	565.879
Hjólreiðasamband Íslands – HRÍ	145.041
Hnefaleikasamband Íslands – HNÍ	950.000
Íþróttasamband fatlaðra – ÍF	7.503.670
Judosamband Íslands – JSÍ	2.284.986
Karatesamband Íslands – KAÍ	2.892.248
Keilusamband Íslands – KLÍ	2.511.936
Kraftlyftingasamband Íslands – KRA	5.094.368
Körfuknattleikssamband Íslands – KKÍ	1.849.917
Landssamband hestamannafélaga – LH	400.000
Lyftingasamband Íslands – LSÍ	1.455.580
Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttasamband Íslands – MSÍ	750.000
Siglingasamband Íslands – SÍL	643.250
Skautasamband Íslands – ÍSS	100.000
Skotíþróttasamband Íslands – STÍ	1.294.460
Skylmingasamband Íslands – SKY	905.404
Sundsamband Íslands – SSÍ	6.750.000
Taekwondosamband Íslands – TKÍ	2.021.250
Tennissamband Íslands – TSÍ	750.001
Þríþrautarsamband Íslands – ÞRÍ	512.167
Samtals:	74.455.488

Umsóknir bárust frá 31 af 33 sérsamböndum, eða frá öllum nema AKÍS og GLÍ:

- A/Afrekssérsambönd (9/9): FRÍ, FSÍ, GSÍ, HSÍ, ÍF, KKÍ, KSÍ, SKÍ og SSÍ.
- B/Alþjóðleg sérsambönd (11/11): BLÍ, BSÍ, DSÍ, ÍHÍ, JSÍ, KAÍ, KLÍ, KRA, LH, SKY og STÍ.
- C/Þróunarsérsambönd (11/13): BFSÍ, BTÍ, HNÍ, HRÍ, ÍSS, LSÍ, MSÍ, SÍL, TKÍ, TSÍ og ÞRÍ.

Tillögur Afrekssjóðs fela í sér að veita styrki til 30 sérsambanda af þeim 31 sem sóttu um og að KSÍ hljóti því ekki styrk að þessu sinni, með sömu rökum og vegna fyrri ára, en rökstuðning vegna þessa má finna í fundargerð sjóðsins.

Gagnvart skilgreindum styrkjum vegna einstaklinga leggur Afrekssjóður til að 31 einstaklingur og eitt par hljóti styrki og er upphæð þeirra í heildina 38,5 milljónir króna.

Eftirfarandi úthlutanir úr sjóðnum, að upphæð 515.125.000,- króna, voru samþykktar:

Sérsamband	Upphæð í kr.
Handknattleikssamband Íslands – HSÍ	71.600.000
Fimleikasamband Íslands – FSÍ	56.050.000
Körfuknattleikssamband Íslands – KKÍ	45.400.000
Skíðasamband Íslands – SKÍ	44.600.000
Sundsamband Íslands – SSÍ	42.200.000
Frjálsíþróttasamband Íslands – FRÍ	36.350.000
Golfsamband Íslands – GSÍ	36.000.000
Íþróttasamband fatlaðra – ÍF	33.800.000
Kraftlyftingasamband Íslands – KRA	15.250.000
Íshökkísamband Íslands – ÍHÍ	14.600.000
Landssamband hestamannafélaga – LH	12.400.000
Badminton samband Íslands – BSÍ	11.850.000
Keilusamband Íslands – KLÍ	11.575.000
Dansíþróttasamband Íslands – DSÍ	11.050.000
Blaksamband Íslands – BLÍ	11.000.000
Judosamband Íslands – JSÍ	10.350.000
Skylmingasamband Íslands – SKY	9.800.000
Skotíþróttasamband Íslands – STÍ	8.875.000
Karatesamband Íslands – KAÍ	5.850.000
Lyftingasamband Íslands – LSÍ	3.800.000
Þríþrautarsamband Íslands – ÞRÍ	3.800.000
Bogfimisamband Íslands – BFSÍ	2.800.000
Tennissamband Íslands – TSÍ	2.300.000
Hjólreiðasamband Íslands – HRÍ	2.300.000
Borðtennissamband Íslands – BTÍ	2.250.000
Taekwondosamband Íslands – TKÍ	2.175.000
Skautasamband Íslands – ÍSS	2.050.000
Siglingasamband Íslands – SÍL	2.000.000
Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasamband Íslands – MSÍ	1.800.000
Hnefaleikasamband Íslands – HNÍ	1.250.000
Samtals:	515.125.000

Fundargerðir Afrekssjóðs ÍSÍ frá 14. og 22. desember 2020 voru jafnframt staðfestar.

2. Kynningarfundur ráðherra vegna laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs

Forseti sagði frá fyrirhuguðum fjarfundi með félags- og barnamálaráðherra, Vinnumálastofnun og íþróttahreyfingunni þar sem á að kynna enn frekar þau úrræði ríkisins sem munu standa íþróttahreyfingunni til boða vegna kostnaðar í tengslum við launþega og verktaka í samkomubanni. Fór forseti yfir helstu þætti í því frumvarpi sem samþykkt hefur verið á Alþingi og það ferli sem hefur verið í gangi vegna þessa. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með þá niðurstöðu og þökkðu forseta fyrir hans miklu vinnu við að ná hagstæðri niðurstöðu fyrir hreyfinguna í þessu mikilvæga máli.

3. Íþróttamaður ársins 2020

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirkomulag á beinni útsendingu RÚV 29. desember 2020 í tengslum við kjör SÍ á Íþróttamanni ársins. Útsending hefst 19:40 og forseti ÍSÍ mun vera með stutt ávarp og tilkynna um nýjan aðila í Heiðurshöll ÍSÍ. Þá verður minning látins landsliðsfólks meðal dagskrárliða, en ÍSÍ hefur verið tengiliður við sérsambönd ÍSÍ vegna upplýsinga og mynda vegna þess.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.

Andri Stefánsson, fundarritari.